

## Haufundur

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu var haufundur fulltrúaráðs Auðhumlu haldinn föstudaginn 6. nóvember sl.

Dagskrá fundarins var fjölbreytt, ýmis mál sem brenna á mjólkurframleiðendum og mjólkurvinnslunni voru tekin til umræðu. Rætt var um mjólkurflutningana og varpað upp þeirri spurningu, hvort ekki væri rétt að breyta því fyrirkomulagi, sem hefur verið við líði undanfarin ár og áratugi þ.e. að í framtíðinni væri mjólkir keypt við mjólkurhúsvegg.

Með þessu lægi kostnaðurinn við flutningana vinnslumegin en ekki hjá framleiðendum og þar með ekki í grundvallarverðinu. Skilja mátti fundarmenn svo að þeir væru sammála þessu. Ef af þessu verður kallar það á breytingar á verðlagningunni á mjólk til framleiðenda.

Rætt var um umfram mjólk og möguleika á útflutningi, farið var yfir hugmyndir sem fram hafa komið frá vinnuhópi sem skipaður var af Auðhumlu, Mjólkursamsölnunni og Landssambandi kúabænda um þetta efni. Voru hugmyndir hópsins ræddar sem lúta m.a.

að því að keypt sé ákveðið magn umfram mjólkur til útflutnings á tilteknu verði, en það sem væri umfram það væri keypt á skilaverði.

Aðalumræða fundarins var um efni sem kallað var í dagskrá „Verðlagning og markaðstekjur“.

Þar var velt upp spurningunni um það, hvað gerist ef Ísland gengi í ESB og/eða WTO samningum lyki. Tekjutap greinarinnar gæti orðið allt að 3,0 – 3,5 milljörðum króna, ef af þessu verður. Geta greinarinnar til að taka á sig slíkt tekjutap er takmörkuð.

Fram kom að rétt væri að ræða þetta ítarlega og tímanlega. Öll þessi mál voru rædd í vinnuhópum, en það fyrirkomulag hefur gefist ágætlega, enda gæfi það fundarmönnum meira svigrúm til að tjá sig.

## Mjólkurvöruháefni

Að allt öðru. Verð á alþjóðlegum mörkuðum virðist sveiflast mikið nú um stundir, er þetta nokkuð torskilið, þar sem vitað er að til eru miklar birgðir bæði í Evrópu og USA og eins það að



neysla hefur dregist saman. Sýnir þetta e.t.v. betur en margt annað hversu hvikull þessi markaður er og hversu erfitt er að stóla á stöðugt verðlag. Í þessu samhengi er rétt að benda á að verð til bænda í Evrópu hefur verið mjög lágt, sem m.a. kom fram með eftirminnilegum hætti þegar bændur helltu niður 50 milljónum lítra af mjólk nú í haust.

## ESB- umræðan

Eins og fram hefur komið, þá er Evrópu-lestin lögð af stað, eða Evrópuvaltarinn, eins og einhver nefndi það. Verið er að skipa í þær nefndir sem eiga að vinna þessi mál. Mikilvægt er að hagsmunir mjólkurframleiðenda og mjólkurvinnslunnar séu vel tryggðir í þessu ferli.

Vinnuhópur skipaður af IK og SAM mun vaktá og vinna eins og hægt er að undirbúningnum og styðja þétt við bakið á fulltrúum okkar í nefnd þeirri sem fer með landbúnaðarmál.



Vetrarkýrrð. Hnjúkur í Vatnsdal.

Bestu kveðjur,  
Magnús Ólafsson

## 80 ára afmæli mjólkurvinnslu á Selfossi

Þann 5. desember næstkomandi verða liðin 80 ár frá því að fyrst var tekið á móti mjólk í Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi. Haldið hefur verið uppá þessi tímamót með margvíslegum hætti.

Í nóvember hefur bændum á svæði MS Selfoss verið boðið í heimsókn í mjólkurbúið og hafa um 270 bændur heiðrað okkur með nærveru sinni í fjórum heimsóknum. Farið var með bændurna í skoðunarferð um mjólkurbúið og að henni lokinni var svo boðið uppá kaffihlaðborð. Sýnd var mynd frá árinu 1952 sem Njáll Þóroddsson gerði sem sýnir mjólkurflutninga á þeim tíma. Jón M. Ívarsson sem er að skrifa

sögu Mjólkurbús Flóamanna frá 1989 til 2005 gerði grein fyrir tilurð bókarinnar. Að lokum fór Guðmundur Geir Gunnarsson yfir starfseminna hjá MS Selfossi.

Þann 26. nóvember verður starfsmönnum sem hætt hafa vegna aldurs boðið í heimsókn. Þann 5. desember á sjálfum afmælisdeginum verður blásið til afmælisveislu í Hótel Selfoss þar sem starfsmönnum og fleiri góðum gestum verður boðið til kaffisamsætis. Að lokum verður svo opið hús hjá MS Selfossi laugardaginn 12. desember.



Bændur mættu í fjórum hópum og fóru í tilheyrandi hlífðarfatnað fyrir skoðunarferðina um mjólkurbúið.

## Nýtt og endurbætt ungválfafóður frá MS

Mjólkursamsalan hefur um langt árabil boðið uppá valsápurkað ungválfafóður. Nú hefur blandan verið endurbætt með það fyrir augum að hún henti íslenskum kálfum enn betur en sú gamla gerði. Þetta felst í auknum lystugleika og þáttum sem stuðla að auknum vexti og góðu heilbrigði. Duftið er nú úðapurrkað en þurrkunaraðferðin hjálpar til við að varðveita upphafleg gæði mjólkurinnar sem er notuð í blönduna. Úðapurrkað duft er auk þess nokkuð auðleystara en valsápurkað duft.

### Um mjólkina

Fyrir þurrkun er mjólkinn fituskert en með því móti eykst prótein sem hlutfall af orkuefnum, nokkuð sem er æskilegt til að mæta næringarþörfum

kálfins. Sérstaka MS Ungválfafóðurs er fólgin í því að hún er úr besta mögulega hráefni, íslenskrí mjólk. Öll próteinin sem hún inniheldur eru því mjólkurprótein og það sama á við fituna sem er mjólkurfiti. Af þessum sökum bragðast blandan eins og mjólk sem gerir blönduna einstaklega lystuga og hjálpar til við þyngdaraukningu kálfanna.

### Vítamín, steinefni og virkar gerjunarafurðir

Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á samsetningu vítamína og steinefna í nýju blöndunni. Það sem helst ber að nefna er að magn E-vítamíns hefur verið aukið umtalsvert en E-vítamín ásamt A- og D-vítamíni eru sérstaklega mikilvæg fyrir eðlilegan vöxt og heilbrigði

dýra. Steinefni hafa líka verið yfirfarin og þar ber helst að nefna að nú er meira af járni og jöði í blöndunni ásamt því að nú er blandan selenbætt. Með því móti má betur fyrirbyggja hörgulsjúkdóma.

Til viðbótar við ofangreind atriði hefur blandan nú verið bætt með Fibosel® virkum hreinsuðum gerjunarafurðum sem á náttúrulegan hátt örva almennt þol gagnvart kálfaskitu. Þessar virku gerjunarafurðir eru unnar úr bökunargeri sem er ríkt af mannan-oligosakkaríðum (MOS) og D-glúkan.

Framleiðslan er undir ströngu gæðaeftirliti til að tryggja jafna blöndun allra næringarefna.

### Lokaorð

Rannsóknir sýna að máltækið „Lengi býr að fyrstu gerð“ er í fullu gildi því grunnurinn að góðri mjólkurkú er lagður strax á mjólkurskeiðinu.

Til að byggja upp mótstöðu fyrir sýkingum er mikilvægt að kálfurinn fái broddmjólk sem fyrst eftir burð og fyrstu þrjá til fjóra dagana. Síðan

tekur MS Ungkálafóður við og algengast er að nota duftið í 12-17% lausn og gefa 2-2,5 l tvisvar á dag. Ungkálfar skulu hafa frjálstan aðgang að vatni, unγκál fakögglum og heyi.



## Haustfundur

Haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu var haldinn þann 6. nóvember sl. Á fundinum var gerð grein fyrir 8 mánaða uppgjöri Auðhumlu samstæðunar og dótturfélagsins MS. Eftir erfiðan rekstur undanfarin 2 ½ ár er heldur að birta til þó enn sé rekstur félagana mjög þungur. Þá var farið yfir mjólkurflutninga, kaup á umframmjólk og hvað gerist ef Ísland gengi í ESB og eða WTO samningum lyki.

Fundarmönnum var skipt upp í 7 hópa og stýrði hver stjórnarmaður einum hópi. Niðurstöður hópavinnu fer svo áfram í úrvinnslu á vegum stjórnar félagsins.

Hér eru nokkrar svipmyndir frá fundinum.



## Samanburður á frumtölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



## Samanburður á líftölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



## Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



## Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:  
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

## Sala á mjólkurvörum í janúar-nóvember 2009

	Magn (kg.)				Upphæð			
	Jan.-nov. 08	Jan.-nov. 09	Mism. þús kr.	Mism. %	Jan.-nov 08	Jan.-nov. 09	Mism. ltr/kg	Mism. %
Birgðavara (kg)	6.571.621	5.400.470	-171.152	-2,60	5.074.533.578	5.820.373.283	745.839.705.	14,70
Ferskvara (ltr)	42.335.881	44.758.893	2.423.012	5,72	6.579.232.335	7.702.007.478	1.122.775.143	17,07

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið sept.-okt:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	18.820.121	19.353.876	-533.755	-2,76%
Greiðslumark	155.000.000	119.000.000	36.000.000	30,25%
Nýting greiðslumarks	12,14%	16,26%		
Landið janúar-október:	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	106.040.618	106.286.962	-246,344	-0,23%

## Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
42	2.117.177	2.161.380	-44.203	-2,05%
43	2.111.594	2.159.681	-48.087	-2,23%
44	2.146.894	2.161.743	-14.849	-0,69%
45	2.154.967	2.196.436	-41.469	-1,89%
46	2.182.995	2.218.833	-35.838	-1,62%
Samtals:	10.713.627	10.898.073	-184.446	-1,69%

## Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/10/09 - 4/10/09	4.16	3.44	2.64	0.7	6.3	-0.540	18	242	220	2.717

## Líftala í þúsundum hjá MS

Mánudur	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Okt. 2009	86,35	95,09	99,57	0,13	0,30	0,00